



Alþingi
Erindi nr. P 125/689
komudagur 24.1.2000

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 24. janúar 2000

Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Kennarasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál, lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999 - 2000.

Kennarasamband Íslands leggst alfarið gegn samþykkt frumvarpsins með eftirtöldum rökum.

Núgildandi lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru samþykkt á grundvelli samkomulags heildarsamtaka opinberra starfsmanna annars vegar og fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar. Samkomulag þetta var undirritað 24. nóvember 1986. Breyting á lögnum án þess að gera fyrst tilraun til þess að ná um þær samkomulagi við samtök opinberra starfsmanna er því brot á nefndu samkomulagi.

Fulltrúar Kennarasambands Íslands hafa ásamt fulltrúum BSRB og BHM lýst yfir vilja sínum til að leggja vinnu í heildarendurskoðun þar sem reynt verði að samræma sem mest réttarstöðu opinberra starfsmanna annars vegar og launafólks á almennum vinnumarkaði hins vegar, hvað varðar leikreglur við gerð kjarasamninga. Þessu boði hefur nú verið hafnað af fjármálaráðherra sem hefur kosið að ganga erinda Sambands íslenskra sveitarfélaga og breyta einhliða einu ákvæði laganna án þess að gera minnstu tilraun til þess að bæta um leið réttarstöðu opinberra starfsmanna í þeim tilfellum þar sem réttarstaða þeirra er lakari en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði.

Kennarasamband Íslands vill í þessu samhengi taka skýrt fram að samræming sem byggði á því að þrengja að einhverju leyti réttarstöðu launafólks á almennum vinnumarkaði, með því að færa almennu löggjöfina í átt til þess sem lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna kveða á um, kæmi ekki til greina.

Það vekur furðu að lesa þann hluta greinargerðarinnar þar sem segir orðrétt: - “enda standa engin rök til þess að aðrar reglur gildi um friðarskyldu opinberra starfsmanna.”

Þessi framsetning vekur upp spurningar um það hvort löggjafinn telji þá eðlilegt að um opinbera starfsmenn séu í gildi lágaákvæði sem valda því að réttur þeirra samkvæmt lögum sé að einhverju leyti þrengri en réttur annars launafólks í landinu.


Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er að finna ákvæði þess efnis að vinnuveitenda sé heimilt að framlengja uppsagnarfrest starfsmanna í allt að 6 mánuði undir vissum kringumstæðum. Kennarasamband Íslands vill vekja athygli á því að þegar þessi lagagrein er skoðuð í samhengi við frumvarpið er vinnuveitandi komin í þá aðstöðu að geta nánast haldið starfsmönnum nauðugum í vinnu svo mánuðum skiptir ef hann svo kys.



Kennarasamband Íslands bendir á að það virkar ekki traustvekjandi fyrir hinn almenna borgara þegar Alþingi tekur sig til og breytir lögum í beinu framhaldi af dómsmáli sem opinberir aðilar tapa eins og verið er að reyna í þessu tilfelli.

Kennarasamband Íslands ítrekar andstöðu sína við að áður nefnt frumvarp verði að lögum en skorar þess í stað á fjármálaráðherra að verða við beiðni samtaka opinberra starfsmanna um að taka lög in í heild sinni til endurskoðunar með það að markmiði að leggja fram frumvarp til laga sem væri öllum hagsmunaaðilum til bóta.

F.h. Kennarasambands Íslands


Eiríkur Jónsson formaður.